

**Ed. 607. Frumvarp til laga [135. mál]**

um breyting á lögum nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. apríl.)

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, 1.—3. hluta og menntadeild Tækniskóla Íslands, íslenzka stýrimannaskóla, Vélaskóla Íslands, framhaldsdeild við íslenzka landbúnaðarskóla, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 89 31. des. 1968.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Menntamálaráðherra skal beita sér fyrir endurskoðun laga um námslán og námsstyrki, og skal að því stefnt, að henni sé lokið, áður en þing kemur saman haustið 1972.